

PERSÓNUVERNDARSTEFNA KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

1. Gildissvið

Þetta stefnuskjal tekur til allrar starfsemi Kvikmyndamiðstöðvar Íslands (hér eftir vísað til sem „KMÍ“ eða „við“) þar sem tiltekið er hvernig KMÍ tekur á móti, meðhöndlar og varðveitir persónugreinanlegar upplýsingar sem KMÍ tekur á móti við í samskiptum við einstaklinga í tengslum við lögbundið hlutverk sitt eða þjónustu sem við veitum.

2. Skráning persónuupplýsinga í starfi KMÍ

KMÍ tekur á móti og skráir persónugreinanlegar upplýsingar frá umsækjendum um styrki sem tengjast því lögbundna hlutverki KMÍ að styðja fjárhagslega við íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu. Þá tekur KMÍ á móti skráningum einstaklinga á ýmsa atburði og vegna útsendinga fréttabréfa eða annars efnis til upplýsinga vegna kynningar á íslenskum kvikmyndum og kvikmyndamenningu.

Nánar tiltekið getur söfnun persónuupplýsinga í starfi okkar farið fram vegna í samhengi eftirfarandi þarfa og verkefna:

- Umsóknir um styrki og þar sem upplýsinga er óskað til þess að leggja mat á hvort verkefni eru styrkhæf.
- Gerð úthlutunarsamninga vegna styrkveitinga Kvikmyndasjóðs þar sem óskað er upplýsinga um ábyrgðaraðila verkefna og helstu aðstandendur.
- Skráningar á póstlista vegna fréttabréfa eða fjöldasendinga tölvupósta.
- Skráningar á fyrirlestra, vinnustofur eða ráðstefnur sem KMÍ heldur eða á þátt í að skipuleggja.

3. Hagnýting persónuupplýsinga í starfi KMÍ

KMÍ aflar aðeins persónuupplýsinga sem nauðsynlegar eru skv. framangreindum tilgangi í starfseminni sem snýr að meðferð umsókna og úthlutun styrkja í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til verklags KMÍ skv. kvikmyndalögum nr. 137/2001 og reglugerð um Kvikmyndasjóð nr. 229/2003 með síðari breytingum.

Í öðrum tilvikum og vegna annarra þarfa munum við aðeins taka á móti persónuupplýsingum gegn yfirlýstu samþykki viðkomandi sem byggir á skýrt afmörkuðum tilgangi um notkun upplýsinganna hjá okkur, t.d. í samhengi skráningar á námskeið eða póstlista.

Einstaklingar geta hvenær sem er afturkallað samþykki sitt til hagnýtingar þeirra upplýsinga sem þeir gáfu upp sbr. rétt einstaklinga sem nánar er grein gerð fyrri í 6. kafla þessarar persónuverndarstefnu um réttindi einstaklinga gagnvart KMÍ.

Almennt um hagnýtingu KMÍ á persónuupplýsingum

Sem fyrr segir eru persónuupplýsingar sem KMÍ aflar og hagnýtir af tvennum toga.

Annarsvegar er um að ræða upplýsingar sem aflað er í samhengi umsókna um styrki, mat umsókna og til eftirfylgni styrkveitinga, komi til þeirra. Upplýsingar vegna þessara þarfa geta falið í sér upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilsfang, tölvupóstfang, heiti vinnuveitanda og starfsheiti á vinnustað, starfsreynslu í samhengi umsóknarverkefnis og kyn. Hinsvegar er um að ræða skráningu á atburði eða póstlista KMÍ. Í því samhengi getur KMÍ óskað eftir og skráð nafn og tengiliðupplýsingar.

KMÍ óskar í engum tilvikum eftir eða skráir upplýsingar um heilsufar, tekjur, trúarbrögð eða aðrar lífsskoðanir umsækjenda eða annarra aðila sem við erum í samskiptum við vegna starfsemi KMÍ.

KMÍ samkeyrir ekki persónuupplýsingar sem móttæknar eru við önnur gögn eða gagnagrunna, né heldur vaktar skráningar eða stöðu t.d. umsækjenda eða skráir viðbótarupplýsingar um einstaklinga byggt á huglægu mati í samskiptum okkar við umsækjendur eða aðra viðskiptamenn.

Meðferð umsókna og ákvörðun um veitingu styrkja

Samkvæmt kvikmyndalögum nr. 137/2001 og reglugerðar nr. 1066/2004 með síðari breytingum starfar KMÍ að því að efla íslenska kvikmyndagerð og veita styrki til kvikmyndagerðar og kynningar íslenskra kvikmynda á grundvelli umsókna.

Umsækjendur og ábyrgðarmenn verkefna sem sótt er um fyrir veita KMÍ upplýsingar í umsóknargögnum sem þeir telja viðeigandi til þess að KMÍ geti lagt mat á umsóknir. Umsækjendur sem leggja fram persónugreinanlegar upplýsingar um aðra en sjálfa sig eru ábyrgir fyrir því að afla samþykkis þeirra fyrirfram um hvaða upplýsingar eru veittar um þá og í hvaða tilgangi.

Sem dæmi um persónuupplýsingar sem eru meðhöndlaðar í meðferð umsókna má tiltaka upplýsingar sem óskað er eftir í umsókn um framleiðslustyrk kvikmyndar. Þar er t.d. óskað eftir upplýsingum um þá einstaklinga sem gegna hlutverki framleiðanda, leikstjóra, handritshöfundar og aðrar lykilstöður við framleiðslu kvikmyndar.

Önnur samskipti og atburðir tengdir kynningu kvikmynda og eflingar geirans

Persónuupplýsingar eru nýttar og skráðar til útsendingar fréttabréfa og skráningu einstaklinga á námsekið, vinnustofur eða aðrar uppákomur sem KMÍ stendur fyrir.

Þá er mögulegt að KMÍ myndi vinna með upplýsingar sem safnað væri af sérstöku tilefni, t.d. um mætingu á tiltekinn atburð, móttöku eða vegna viðhorfskönnunar um þjónustu. Dæmi um slíka skráningu upplýsinga myndi felast í skráningu á póstlista, viðburð eða önnur samskipti með tölvupósti við starfsmenn KMÍ um slík efni þar sem niðurstaða samskiptanna er skráð.

4. Hvernig varðveitir KMÍ persónuupplýsingar

KMÍ gætir þess að persónuupplýsingar séu varðar fyrir aðgengi óviðkomandi aðila. KMÍ grípur í því efni til ráðstafana við upplýsingaöryggi tölvukerfa og annarra gagna í vörslu KMÍ, í samræmi við faglega framkvæmd og kröfur sem eðlilegar geta talist.

5. Upplýsingar sem KMÍ veitir aðgang að eða birtir um starfsemi sína

KMÍ mun ekki deila persónuupplýsingum eða afhenda þriðja aðila nema í því tilviki að fyrir liggi bein ósk um að það frá viðkomandi aðila eða skýrt og upplýst leyfi sem tilgreinir bæði hvaða upplýsingum er deilt, til hverra og í hvaða tilgangi. Í einhverjum tilvikum kunna þó aðilar sem hafa hlutverk sem þjónustuaðilar tölvukerfa að hafa sama aðgang og KMÍ að persónuupplýsingum, en þeir aðilar hafa skrifað undir trúnaðaryfirlýsingar og samninga gagnvart KMÍ og gangast undir sömu skilmála og KMÍ gagnvart vernd, vinnslu og öryggi persónuupplýsinga.

KMÍ kann að birta aðrar upplýsingar en persónuupplýsingar vegna starfa sinna og annarra krafna sem gilda um starfsemina. Þar má nefna að vegna gagnsæisöfum ríkisstyrkjareglna birtum við upplýsingar um styrkveitingar sem birta upplýsingar um veitta styrki, tegund styrks, fjárhæð og styrkþega.

Þá er vert að nefna að upplýsingalög nr. 140/2012 gilda um starfssvið KMÍ. Það þýðir að KMÍ kann að verða skuldbundið til að veita aðgang að upplýsingum um eigin starfsemi og starfssvið sem ekki eru háð takmörkunum persónuverndarlaga til aðila sem þess óska, skv. þeim reglum sem gilda.

Þá vinnur KMÍ greiningar á grundvelli úthlutana um hvernig styrkfé er ráðstafað. Í þeim tilgangi fer fram greining t.d. á árangurshlutfalli verkefna eftir kyni aðila í lykilstöðum við framleiðslu kvikmyndar. Birting slíkra upplýsinga vísar einvörðungu til fjöldatalninga, hlutfallstala og meðaltala.

6. Réttindi einstaklinga gagnvart söfnun og varðveislu KMÍ á persónuupplýsingum

Einstaklingar eiga rétt á að vita með hvaða hætti persónuupplýsingar eru hagnýttar í starfi KMÍ og í hvaða tilgangi. Þá eiga einstaklingar rétt á því í einhverjum tilvikum að leiðrétta upplýsingar í skráum KMÍ, láta afskrá þær eða eyða.

Aðgengi

Einstaklingar eiga rétt á að fá aðgengið að þeim persónuupplýsingum sem KMÍ hefur skráð og varðveitt um viðkomandi. Beiðni um slíkan aðgang þarf að berast skriflega frá viðkomandi, þar sem tiltekið er eftir hvaða upplýsingum er óskað.

Leiðrétting

KMÍ er ábyrgt fyrir að skráðar persónuupplýsingar séu réttar og áreiðanlegar í meðhöndlun KMÍ. Einstaklingar eiga rétt á að fara fram á leiðréttingu persónuupplýsingar reynist þær rangar í skráum og vinnslu KMÍ.

Eyðing upplýsinga (rétturinn til að gleymast)

KMÍ er ríkisstofnun og um starfsemina gilda t.d. stjórnarsýslulög nr. 37/1993 og lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, sem móta málsmeðferð, meðferð umsóknargagna og varðveislu skjalfestra gagna. Á KMÍ hvílir þannig skylda að skila málgögnum til Þjóðskjalasafns og varðveita upplýsingar um málsmeðferð umsókna t.d. til að rökstyðja ákvarðanir í tilviki kærummála. Réttur einstaklinga til að afskrá persónugreinanlegar upplýsingar getur takmákrast að nokkru af þessum kröfum, þ.e. að ekki er unnt að eyða umsóknargögnum eða afskrá hluta þeirra.

Í tilviki persónuupplýsinga sem aðili hefur skráð hjá KMÍ og gilda t.d. um rafræna áskrift upplýsinga eða annað sem viðkomandi hefur sérstaklega heimilað KMÍ að skrá og nýta, getur viðkomandi afturkallað og farið fram á að skráðum upplýsingum verði eytt.

Kvartanir

Telji einstaklingar að brotið hafi verið á rétti þeirra í samhengi söfnunar, vinnslu eða skráningar persónuupplýsinga er unnt að kvarta til KMÍ eða kæra málið til Persónuverndar.


7. Samskipti einstaklinga við KMÍ á grundvelli þessara reglna

Samskipti um persónuverndarmál, skráningu og réttindi einstaklinga, kvartanir eða fyrirspurnir skal vísa til persónuverndarfulltrúa KMÍ:

Kvikmyndamiðstöð Íslands
b.t. persónuverndarfulltrúa
Hverfisgötu 54
101 Reykjavík
Tölvupóstur: info@kvikmyndamidstod.is

8. Útgáfustjórn

Þessi persónuverndarstefna er útgáfa 1.0 og er samþykkt og birt 13. júní 2018. KMÍ áskilur sér rétt til að uppfæra og birta breytingar og aðlaganir á stefnunni.

ÚTGÁFUSTJÓRN PERSÓNUVERNDARSTEFNU KMÍ		
Útgáfu #	Gildisdagsetning	Staðfest með undirritun
Útgáfa 1.0	13.júní 2018	f.h. KMÍ 

ICELANDIC
Film Centre
Hverfisgata 54
101 Reykjavík
Iceland
T +354 562 3580
F +354 562 7171
W icelandicfilmcentre.is